

**Sp.**

**83. Tillaga til þingsályktunar**

[76. mál]

um endurskoðun laga um lánveitingar til íbúðabygginga.

Flm.: Einar Ágústsson, Sigurvin Einarsson, Ingvar Gíslason, Karl Kristjánsson, Jón Skaftason, Halldór Ásgrímsson, Halldór E. Sigurðsson, Ólafur Jóhannesson, Björn Fr. Björnsson.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd hlutbundinni kosningu til þess að endurskoða öll gildandi lög um lánveitingar til íbúðabygginga í landinu.

Nefndin skal gera tillögur að nýrri löggjöf í þessum efnum, er m. a. hafi það markmið:

að auka lánveitingar til byggingar nýrra íbúða, svo að unnt verði að lána til hverrar íbúðar af hóflegri stærð, hvar sem er á landinu, tvo þriðju hluta af byggingarkostnaði;

að jafna aðstöðu manna til lánsfjár þannig, að heildarlán geti orðið svipuð til hvers manns, miðað við sömu stærð íbúðar, hver sem hann er og hvar sem hann býr;

að greiða fyrir mönnum með lánveitingum til að endurbæta íbúðir svo og að kaupa íbúðir til eigin nota;

að lækka byggingarkostnað í landinu.

Nefndin leggi tillögur sínar, ef unnt reynist, fyrir Alþingi það, er nú situr, en að öðrum kosti fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

### Greinargerð.

Allir þurfa á húsnæði að halda, engu síður en fæði og klæði. Siðferðileg skylda ríkisvaldsins til að gera mönnum mögulegt að eignast þak yfir höfuðið er engu minni en að stuðla að nægilegri atvinnu og viðunandi lífskjörum að öðru leyti.

Það verður jafnan eitt af fyrstu viðfangsefnum þeirra, er stofna heimili, að reyna að eignast íbúð. Flestir eru ungir að árum, þegar þeir mynda eigið heimili, og fæstir þeirra eru miklum efnuð búnir. Hins vegar kostar íbúð fyrir fjölskyldu mikið fé, eins og nú er komið.

Meðalstærð þeirra íbúða, er byggðar voru í landinu árið 1962, mun hafa verið 375 rúmmetrar. Slík íbúð kostar nú, samkv. vísitölu byggingarkostnaðar í okt. s. l., um 688 þús. kr. og hefur þá hækkað í verði um 227 þús. kr. eða um 49% á síðustu fjórum árum, þ. e. frá 1. okt. 1959. Á sama tíma hafa lán úr Byggingarsjóði ríkisins hækkað aðeins um 50 þús. kr. á íbúð. Af þessu leiðir, að eigið framlag hvers manns, sem byggir sér íbúð af fyrrnefndri stærð, þarf að vera um 538 þús. kr. Nærri má geta, hversu torvelt slíkt er ungu og efnalitlu fólki. Óhjákvæmilegt er því að stórhækka lán til hvernar íbúðar.

Eins og allir vita, eru möguleikar manna til lánsfjáröflunar misjafnir, en að því ber að stefna, að allir geti eignast húsnæði til eigin nota.

Einnig er hagkvæmt að veita mönnum nokkurt lánsfé til endurbóta á gömlum húsum eða til að kaupa slík hús til eigin notkunar. Með því má hagnýta betur húsnæði, sem fyrir er, spara lánsfé, sem annars þyrfti í nýjar íbúðir, og koma í veg fyrir, að menn búi í óviðunandi íbúðum.

Byggingarkostnaður er nú orðinn óhæfilega hár hér á landi, og er því aðkallandi nauðsyn að fá hann lækkaðan. Í 2. gr. laga nr. 42 frá 1957, um húsnæðismálastofnun o. fl., eru ýtarleg ákvæði um ráðstafanir til lækkunar á byggingarkostnaði. Því miður hefur húsnæðismálastofnunin ekki haft fjárráð til þess að framkvæma lögin að þessu leyti.

Þróun þessara mála hefur vægast sagt farið alvarlega úrskaiðis síðustu árin. Sem dæmi um samdrátt í íbúðabyggingum fjögur síðustu árin, í samanburði við fjögur næstu ár þar á undan, má nefna eftirfarandi um tölu íbúða, sem byrjað hefur verið að byggja tilgreind ár:

	1955—1958	1959—1962	Fækkun
Sveitir .....	553	331	222 — 40%
Kauptún .....	1028	834	194 — 19%
Kaupstaðir .....	1852	1289	563 — 30%
Reykjavík .....	3549	2122	1427 — 40%
Samtals	6982	4576	2406 — 34%

Víða hefur húsnæðisleysi komið í veg fyrir stofnun heimila, einnig staðið í vegi fyrir því, að menn geti notið heppilegra atvinnuskilyrða, og augljóst er, að sívaxandi húsnæðiskostnaður gerir óhjákvæmilegar kröfur um hækkuð laun.

Hér er um þjóðfélagsvandamál að ræða, sem þolir ekki bið, en þarf að ráða bót á hið fyrsta, og í þeim tilgangi er tillaga þessi flutt.